

14. fundur Sögunefndar Keflavíkur 1949-1994, haldinn á Google-meet fimmtudaginn 9. desember 2021 kl. 17:00. Mættir eru; Ragnhildur Árnadóttir, Erla Guðmundsdóttir, Árni Jóhannsson, Stefán Jónsson og Kristinn Jakobsson sem ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 17:00

1. Kynning á drögum að útgáfusamningi við bókaútgáfuna Fagurskinna / Bjartur & Veröld.

Áætlað er að bókin Saga Keflavíkur 1949-1994 verði að hámarki 500 blaðsíður í sama broti og fyrri bækur um sögu Keflavíkur. Útgefandi tekur að sér að annast hönnun verksins og umbrot, prófarkalestur, samanburð og lokafrágang. Útgefandi mun skila verkinu til prentsmiðju og sjá um öll samskipti við hana.

Efni bókarinnar þ.e. texti, ljósmyndir og skrár, verður afhent útgefanda eigi síðar en 15 janúar 2022. Bókin fer í prentun í mars og verði tilbúin til afhendingar seinni hluta apríl.

Upplag verksins verður 1500 bækur og fær Reykjanesbær afhent 1000 eintök. Útgefandi annast sölu 500 bóka og fær Reykjanesbær höfundarlaun af heildsöluverði bókar án virðisaukaskatts.

Nefndarmenn eru sammála um að fela formanni nefndarinnar að ganga til samninga við bókaútgáfuna Fagurskinna / Bjartur & Veröld á grundvelli fyrrgreindra samningsdraga.

2. Önnur mál

Engin önnur mál og var fundi slitið kl. 17:32